



FUNDARGERÐ VIÐSKIPTAMANNARÁÐS

8. fundur viðskiptamannaráðs Landsnets haldinn föstudaginn 25.4 2007 að Krókhálsi 5c. kl. 13.00.

Fundinn sátu:

Agnar Árnason	Norðurorku
Edvard G. Guðnason	Landsvirkjun
Eiríkur Briem	Landsnet
Friðrik Friðriksson	Hitaveita Suðurnesja
Guðmundur I. Ásmundsson	Landsnet
Hreinn Frímansson	Orkuveita Reykjavíkur
Kristján Haraldsson	Orkubúi Vestfjarða
Linda Lea Bogadóttir	Landsnet
Martha Eiríksdóttir	Landsnet
Sigurður Eymundsson	Rarik
Örlygur Jónasson	Rarik

Dagskrá:

1. Tillögur um breytingar á gjaldskrá Landsnets.
 - a. Gjaldskrá í erlendri mynt
 - b. Breyting á gjaldi vegna innmötunar
2. Önnur mál.

MEI opnaði fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Ákveðið að fundargerð síðasta fundar verði send fundarmönnum á rafrænu formi til staðfestingar og samþykktar.

1. Tillögur um breytingar á gjaldskrá Landsnets.

GIÁ kynnti fyrirhugaðar tillögur að breytingu gjaldskrár yfir í erlenda mynt. Þar kom m.a. fram að markmiðið með breytingunni er fyrst og fremst til að mæta óskum markaðarins um gjaldskrá í erlendri mynt fyrir stórnotendur og að auka svigrúm Landsnets til hagkvæmari fjármögnunar.

Helstu forsendur fyrir breytingunni eru að;

- Tekjur Landsnets verði óbreyttar.
- Áhrif á flutningsgjöld einstakra notenda verði hverfandi.
- Lágmarka gengisáhættu með því að hafa tekjur og fjármögnun í sömu mynt.
- Breytingin samræmist gildandi lögum og reglugerðum.

Tillaga að framkvæmdinni er m.a. að;

- Gjöld vegna afls og orku í innmötun verða felld niður.
- Afhendingargjald verður óbreytt.
- Gjöld vegna úttektar hækka um sömu fjárhæð og felld verður niður í innmötun.
- Vægi milli afls og orku verður sama og áður.
- Í úttekt verður jöfn hlutfallsleg hækkun á afl og orkugjaldi.
- Afsláttarreglur verða þær sömu og áður

Nokkrar umræður urðu um málið, m.a.:

- Hvernig verður tekið á umframkeyrslu virkjana?
- Hvaða áhrif breytingin hefði á smávirkanir og ótryggt rafmagn
- Áhrif á gjaldskrá sölufyrirtækja og dreifiveitna



Þá var rætt nokkuð um útfærslu á gjaldeyrisyfirfærslunni sjálfri eins og:

- Hvenær er ráðgert að umbreytingin eigi sér stað?
- Hvaða gengi verður notað til viðmiðunar?
- Mun gjaldskráin fylgja erlendri visitölu?

Fram kom á fundinum að fulltrúar í viðskiptamannaráði sjá ekkert stórvægilegt því til fyrirstöðu að fara út í fyrirhugaðar breytingar þó svo setja megi spurningamerki við tímasetningarnar. Jafnframt óskuðu fundarmenn eftir því að vera haldið vel upplýstum um alla framkvæmd og eiga kost á að setja fram athugasemdir áður en kemur að endanlegri samþykkt nýrrar gjaldskrár.

2. Önnur mál

a. Viðskiptamannaráð – skipan þess og fyrirkomulag starfsemi

Enn eru vangaveltur uppi um hlutverk Viðskiptamannaráðs, skipan þess og fyrirkomulag. MEI upplýsti aftur að Landsnet hefði hug á að halda fundi í viðskiptamannaráði eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári. Sérstaklega skal boða til fundar um mikilvæg málefni. Fundirnir verða fyrst og fremst hugsaðir sem ráðgefandi fundir. Vísað er til bókunar síðasta fundar um hlutverk og skipan. Rætt var um að skilgreina fundina betur m.a. m.t.t. þess hverjir eiga að sitja þá.

b. Skyndimarkaður fyrir raforku – niðurstöður funda með orkufyrirtækjum.

MEI upplýsti um stöðu mála varðandi skyndimarkað fyrir raforku og samstarf við Nord Pool. Fulltrúar Nord Pool Spot héldu fundi með orkufyrirtækjunum í lok mars sl. Þar sem markmiðið var að kalla eftir hugmyndum um fyrirkomulag og útfærslu sem myndi henta íslenskum markaðsaðstæðum og að heyra viðhorf íslenskra orkufyrirtækja til slíks raforkumarkaðar. Fundirnir gengu vel að sögn sérfræðinga Nord Pool Spot og voru þeir nokkuð bjartsýnir á að NPS verði reiðubúið í verkefnið. Endanleg niðurstaða mun liggja fyrir í byrjun maí.

Fleira ekki rætt og var fundi slitið kl. 14.30.